



Menningarstefna Akureyrarbæjar 2013-2018



Inngangur



Meginmarkmið

Meginmarkmið Menningarstefnu Akureyrarbæjar eru í grunninn skýr og einföld; að styðja við menningarstarf þannig að það blómstri, þroskist og komi sífellt á óvart. Ætíð skal vinna út frá þremur stefjum sem eru **samvinna, metnaður og fjölbreytni**. Til menningarmála samkvæmt þessari stefnu heyrja þær stofnanir sem sinna menningarstarfi og eru ýmist reknar beint af Akureyrarbæ eða með stuðningi hans. Til málaflöksins heyrir einnig samstarf við félög og einstaklinga um viðburði og sköpun af fjölbreytilegum toga. Það er hlutverk bæjarstjórnar Akureyrar með stuðningi ríkisins að vera ákveðin kjölfesta, leggja hönd á plóg við frumsköpun og frumkvæði og styðja bæði listafólk og þá sem njóta lista. Menningarstofnanir bæjarins gegna lykilhlutverki í þeim efnum. Akureyrarbær vill hvetja þær til aukinnar samvinnu sín á milli, að þær teygi sig enn frekar í áttina

að þátttöku almennings og fræðslu fyrir kynslóðirnar sem byggja bæinn. Sérstaklega er mikilvægt að þær vinni sem hluti af fjölmenningsarsamfélagi, að þær flétti menningu inn í daglegt líf barna og unglinga og að dreginn verði fram hlutur kvenna til jafns við karla.

Akureyrarbær vill að sérstök áhersla sé lögð á þátttöku ungs fólks í listum og skapandi greinum. Markmiðið er að allt árið verði í boði vettvangur fyrir það unga fólk sem kys að njóta sín í menningarstarfi.

*** Ætíð skal vinna út frá þremur stefjum sem eru samvinna, metnaður og fjölbreytni.**



Akureyri

Skapandi greinar

Skapandi greinar skipa stóran sess í samfélaginu Akureyri. Það er vilji Akureyrarbæjar að áfram verði unnið metnaðarfullt og kraftmikið starf í skapandi greinum en undir þær flokkast sviðlistir, tónlist, myndlist, ritlist, ljósmyndun, hönnun, nytjalist, kvikmyndagerð, listdans o.fl. Markmiðið er að bærinn verði áfram eftirsóknarverður fyrir þá sem skapa og njóta menningar. Það er gert með því að byggja á þeim góða grunni þekkingar sem er til. Halda skal áfram að efla þekkingu og hlúa að þeim mikla mannauði sem miðlar og hvetur til opinnar og frjálsrar hugsunar innan skapandi greina. Góð aðstaða til sköpunar og framkvæmda skiptir afar miklu máli í því samhengi, en Akureyrarbær hefur á að skipa aðstöðu sem gerir mörgum hinna skapandi greina kleift að vaxa og dafna með nýjum og ögrandi verkefnum meðal bæði áhuga- og fagfólks.



Áhersla verði lögð á viðtækt samstarf innan skapandi greina og eru menningarstofnanir Akureyrarbæjar þar í lykilhlutverki með því að tengja sig við kynslóðir, hópa, jafnt stóra sem smáa, faglærða og fólk úr grasrótinni. Litið sé á miðlun og þátttöku í skapandi greinum sem hluta af menntun barna og unglunga og mikilvægan hluta þess að læra að skilja hlutverk og gildi menningar í hverju samfélagi. Leitast skal við að vekja áhuga á skapandi greinum með því að hafa þær aðgengilegar í samfélaginu til þátttöku, áhorfs og hlustunar. Efla skal samstarf leik- og grunnskóla og atvinnufólks í skapandi greinum á Akureyri, með það fyrir augum að þróa nýjar leiðir í list- og verknámi skólanna, gefa atvinnufólkinu ný tækifæri og nemendum innsýn í heim fólks sem starfar í skapandi greinum.

Kanna skal kosti þess að koma á formlegum samstarfsvettvangi þeirra sem bjóða upp á listnám á Akureyri og að nýta reynslu og þekkingu Tónlistarskólans sem grunn undir slíkan vettvang.

Akureyrarbær vill stuðla að atvinnumennsku í listum og menningu og gefur í því skyni listafólki kost á að sækja um starfslaun listamanna og styrki úr Menningarsjóði. Akureyrarbær gerir samninga milli Menningarsjóðs og félagasamtaka er fást við skapandi greinar og greiðir framlag til Menningarráðs Eypings samkvæmt samningi. Menningarráðið veitir styrki m.a. til skapandi greina og menningartengdrar ferðaþjónustu. Akureyrarbær er ásamt ríkisvaldinu meginbakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Leikfélags Akureyrar sem veita atvinnufólki í listum tækifæri á ýmsum sviðum skapandi greina.



Leitast skal við að vekja áhuga á skapandi greinum með því að hafa þær aðgengilegar í samfélaginu til þátttöku, áhorfs og hlustunar.



Akureyri

Samvinna og ráðdeild

Til þess að skapa vettvang fyrir samvinnu og upplýsingaflæði vilja bæjaryfirvöld leggja sitt af mörkum við að leiða saman þátttakendur í menningar og listastarfi og verður það í höndum Akureyrarstofu að standa reglulega fyrir slíku samtali.

Akureyrarbær vill auka samvinnu milli menningarstofnana bæjarins og á landsvísu m.a. í viðburða- og fræðslusamstarfi. Jafnframt vill Akureyrarbær stuðla að því að þjóðmenningarstofnanir á borð við Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn og Sinfóníuhljómsveit Íslands ræki hlutverk sitt í þjónustu við landsbyggðina líkt og kveðið er á um í lögum.

Menningarmál eru samofin atvinnu- og ferðamálum. Bæjaryfirvöld leggja áherslu á áframhaldandi samvinnu við skipuleggjendur viðburða, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga með það að markmiði að í boði verði úrval metnaðarfullra viðburða sem spanna vítt áhugasvið. Slíkir viðburðir vekja athygli og löngun ferðafólks til að heimsækja bæinn og auka vægi menningartengdrar ferðaþjónustu. Akureyrarbær leggur áherslu á að Akureyrarvaka, afmælishátíð bæjarins, haldi áfram að vaxa og dafna með þeim áherslum sem unnið hefur verið eftir síðustu ár og að menningarstofnanir bæjarins setji enn meira mark sitt á dagskrána.

Mikilvægt er að við alla ákvarðanatöku verði gætt ráðdeildar og að opinbert fé sem lagt er til málaflokksins nýtist sem allra best. Þannig verði af fremsta megni reynt að koma í veg fyrir óþarfa kostnað og tvíverknað s.s. vegna húsnæðis, markaðs- og tæknimála.



***** *Bæjaryfirvöld leggja áherslu á áframhaldandi samvinnu við skipuleggjendur viðburða, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga með það að markmiði að í boði verði úrval metnaðarfullra viðburða sem spanna vítt áhugasvið.*

Stefnan greinist í 6 kafla og í hverjum þeirra og eru greind leiðarljós eða meginmarkmið. Jafnframt eru tilgreindar leiðir að markmiðunum.

Kaflaheiti:

1. **Sviðslistir**
2. **Tónlist**
3. **Ritlist**
4. **Sjónlistir**
5. **Söfn og sögulegar minjar**
6. **Viðburðir, markaðssetning og ferðaþjónusta**

Menningarbærinn Akureyri er reistur á fleiri stöðum en þeim sem sveitarfélagið leggur til. Það eru því margir sem leggja sitt af mörkum til vaxtar og viðgangs menningarstarfs í bænum. Af þeim sökum koma fleiri leiðir til greina en þær sem nefndar eru í stefnunni.



1. Sviðslistir

Leiðarljós:

Sviðslistir skipa stóran sess á Akureyri undir hatti skapandi greina. Þar er atvinnuleikhús með listrænan metnað, góðan grunn í þekkingu og sköpun, áherslu á víðtækt samstarf atvinnuleikhúss, áhugaleikhópa og grasrótar, danshópa og annarra sviðslistahópa, sem og samvinnu sviðslista við skóla og aðrar list- og fræðigreinar. Þær stofnanir sem fjármagnaðar eru af því opinbera og heyra undir sviðslistir geta unnið betur saman og birst sem sterkari heild en nú er. Mikilvægt er að þær setji sér markmið sem stuðla að því.

Grasrótinni og þátttöku barna- og unglunga í sviðslistum verði gefinn sérstakur gaumur, ungmennaleikhús aðstoðað eins og unnt er og því gert kleift að þroskast og dafna. Sérstaklega verði leitast við að skapa farveg sem myndar samfellu fyrir ungu kynslóðina til að feta sig áfram í leiklistinni. Leitast verði við að skapa þeim listgreinum innan sviðslista sem hafa ekki langa forsögu í bænum umhverfi til að kynna sig betur og ná festu.



Leiðir:

Samrekstur menningarstofnana undir sameiginlegri yfirstjórn þannig að sérhæfð þekking og mannaúður við sviðslistir haldist á svæðinu og nýtist sem best. Markmiðið er að hærra hlutfall fjármuna fari beint í framleiðslu viðburða.

Leggja áherslu á að Leiklistarskóli LA haldi áfram að sinna góðu uppbyggingar- og fræðslustarfi með börnum og unglungum og að þeim standi til boða samfella í námskeiðum og fræðslu á sviði leiklistar.

***** *Grasrótinni og þátttöku barna- og unglunga í sviðslistum verði gefinn sérstakur gaumur, ungmennaleikhús aðstoðað eins og unnt er og því gert kleift að þroskast og dafna.*



Akureyri

2. Tónlist



Leiðarljós:

Á Akureyri er rík hefð fyrir öflugum tónlistarlífi og er það vilji Akureyrarbæjar að tónlistamenningunni verði gert kleift að halda áfram að blómstra og dafna. Mikilvægt er að halda áfram öflugri tónlistarmenntun. Akureyri er rík af mannaúði á sviði tónlistar af margvíslegum toga og mikilvægt er að viðhalda honum og gera atvinnufólki í tónlist kleift að búa og starfa á Akureyri. **Þar gegna Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Tónlistarskólinn á Akureyri og aðrir tónlistarskólar á svæðinu lykilhlutverki.**

Líkt og í öðrum listgreinum er mikilvægt að huga að samþættingu og samvinnu tónlistar og annarra listgreina sem gefur möguleika á enn meiri fjölbreytni í menningarlífinu. Tónlistin getur hér gegnt mikilsverðu hlutverki.

Sérstaka áherslu þarf að leggja á stuðning við grasrótastarf í tónlistarlífinu ekki síst starf ungs fólks. Leita ber leiða til að virkja og efla þann kraft sem býr í unga fólkinu bæði þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref sem og þeim sem lengra eru komnir.

* *Leita ber leiða til að virkja og efla þann kraft sem býr í unga fólkinu bæði þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref sem og þeim sem lengra eru komnir.*

Leiðir:

Áframhaldandi stuðningur við tónlistarhópa sem hér eru starfandi og spanna allan aldur, þar má sérstaklega nefna þann mikla fjölda kóra sem starfa í bænum.

Stuðningur við tónlistarstarf í þágu barna og unglunga með því m.a. að tryggja að áframhald verði á skólatónleikum hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Grasrótastarfsemi verði studd sérstaklega með því að útvega skilgreind æfingapláss og vinnustofur og veita aðgang að tónleikarými í Hofi og að upptökurými í Tónlistaskólanum á skilgreindum Grasrótardögum.




Akureyri

3. Ritlist

Leiðarljós:

Akureyri býr yfir ómetanlegum fjársjóðum í orðlistum sem liggja í verkum skálda og rithöfunda fortíðar, nútíðar og framtíðar. Það er vilji bæjaryfirvalda að ritlist fái aukinn meðbyr. Þau vilja að Jóni Sveinssyni - Nonna, Davíð Stefánssyni frá Fagraskógi og Matthíasi Jochumssyni, verði gert hærra undir höfði. Unnið verði með verk þeirra í samvinnu menningarstofnana, skólakerfisins, faglærðra og áhugafólks um ritlist. Auk þess verði gaumur gefinn að verkum annarra skálda sem kennd hafa verið við Akureyri eða tengjast bænum og sérstaklega verði hugað að þætti kvenna í þeirri sögu. Amtsbókasafnið fer með stórt hlutverk í þessum efnum. Það felst m.a. í samvinnu við aðrar menningarstofnanir og ýmis verkefni þeim tengd og með þeim rauða uppeldisþræði sem felst í að taka markvisst á móti leik- og grunnskólahópum og öðrum sérhópum unglunga, fullorðinna og aldraðra. Þannig getur Amtsbókasafnið breitt út fagnaðarerindi ritlistar til ungra sem aldinna bæði með hvatningu til frumsköpunar í ritlist og miðlun hennar til almennings. Þá er mikilvægt að tengja ritlistina við aðrar listgreinar og skapa vettvang þar sem ungskáldum er gert hátt undir höfði og þau fá tækifæri til að kynna verk sín.

*** Akureyri býr yfir ómetanlegum fjársjóðum í orðlistum sem liggja í verkum skálda og rithöfunda fortíðar, nútíðar og framtíðar.**



Leiðir:

Gefinn verði sérstakur gaumur að lestri barna og unglunga og unnið á þeim vettvangi með Amtsbókasafninu og Barnabókasetrinu við Háskólann á Akureyri.

Unnið verði markvisst með yndislestur almennings, jafnt ungra sem aldinna, með hvatningu og fræðslu m.a. til leshópa með því að kynna rithöfunda og strauma og stefnur innan bókmenntanna.

Gestaíbúðin í Davíðshúsi sem ætluð er fræðimönnum og rithöfundum, verði sýnilegri sem hluti af því sem Akureyrarbær gerir til að skapa vettvang fyrir þá er starfa við ritlist.

Gestir sem dvelja í Davíðshúsi komi fram opinberlega og kynni verk sín eftir því sem við á.



4. Sjónlistir

Leiðarljós:

Akureyrarbær styður við sjónlistir og rekur Sjónlistamiðstöðina á Akureyri í því skyni að gefa öllum kost á að kynna og fræðast um sjónlistir af bæði innlendum og alþjóðlegum vettvangi auk þess að varðveita samtímasögu í myndlistarstarfi á Akureyri. Það er ósk og stefna bæjaryfirvalda að Sjónlistamiðstöðin verði viðurkennd af ríkisvaldinu sem meginstöð sjónlista utan höfuðborgarsvæðisins. Sjónlistamiðstöðin skal leggja megináherslu á myndlist en jafnframt skal hún kynna eftir föngum aðrar vaxandi greinar s.s. hönnun, nytjalist og ljósmyndun. Listasafnið á Akureyri, sem er hluti af Sjónlistamiðstöðinni, gegnir lykilhlutverki í miðlun myndlistar og fer með aðalhlutverk í þeim efnum fyrir Akureyrarbæ. Sjónlistir eiga aðsetur í Listagilinu og þar vill Akureyrarbær sjá þær blómstra og dafna og festa sig enn frekar í sessi. Akureyrarbær leggur sitt að mörkum við að skapa vettvang fyrir sjónlistafólk með því að bjóða upp á dvöl í gestavinnustofu þar sem listafólki gefst kostur á að vinna að list sinni.

Akureyrarbær vill stuðla að menntun á sviði sjónlista og leggja sitt að mörkum að börnum og ungmennum standi til boða slíkt nám.

Kvikmyndagerð er ungt, vaxandi fag innan skapandi greina og Akureyrarbær vill taka þátt í að skapa vettvang fyrir ungt fólk í kvikmyndagerð í Rósenborg Möguleikamiðstöð.

Áfram verði unnið samkvæmt Byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar í samvinnu deilda bæjarins, fyrirtækja og bæjarbúa.



* *Sjónlistir eiga aðsetur í Listagilinu og þar vill Akureyrarbær sjá þær blómstra og dafna og festa sig enn frekar í sessi.*

Leiðir:

Vinna markvisst að því að Listasafnið fái viðurkenningu Safnaráðs sem ábyrgðarsafn skv. lögum og í kjölfarið samning við mennta- og menningarmálaráðuneyti um hlutverk Sjónlistamiðstöðvarinnar sem meginstöð sjónlistar utan höfuðborgarsvæðisins.

Ákveðið hlutfall af byggingarskostnaði nýbygginga á vegum Akureyrarbæjar renni í sjóð sem eyrnamerkur verði listaverkakaupum.

Listasafnið annist innkaup á listaverkum fyrir bæinn skv. sérstakri innkaupa- og söfnunarstefnu sem sett verður.

Listasafnið haldi utan um listaverkæignina og stuðli að faglegum vinnubrögðum í meðförum á henni og hafi upplýsingar um eignina aðgengilegar.

Skilgreind verði ábyrgð innan bæjarkerfisins á viðhaldi útilistaverka.

Til að treysta hlutverk Listasafnsins sem safns stefnir Akureyrarbær að endurbótum á húsnæði þess skv. sérstakri áætlun. Kappkostað verður að endurbæturnar valdi sem lægstum föstum kostnaði þannig að þær skerði ekki í raun möguleika safnsins til blómlegs reksturs.



Akureyri

5. Söfn og sögulegar minjar

Leiðarljós:

Akureyri er mikill safna- og sögubær, þar sem sagan er og á að vera allt um kring til að minna okkur á hverjar ræturnar eru og hvernig þær hafa haft áhrif á þróun samfélagsins. Í bænum eru hús þriggja þjóðskálda Nonnahús, Davíðshús og Sigurhæðir en auk þeirra Amtsbókasafnið, Héraðsskjalasafnið, söfn sem hafa eyfirska sögu að meginviðfangsefni en einnig söfn sem hafa hluta Íslandssögunnar að umfjöllunarefni. Í bænum eru, auk safnanna, hús sem geyma þætti úr sögu bæjarins og í næsta nágrenni er forveri Akureyrar, miðaldakaupstaðurinn Gásir.

Mikilvægt er að unnin verði safnastefna fyrir Akureyrarbæ sem verði leiðarljós við ákvarðanir og forgangsröðun í safnamálum á svæðinu. Farið verði eftir safnalögum og unnið samkvæmt kjörorðunum varðveisla – miðlun - gagnvirkni. Söfnin í bænum hafa tengingu, mismikla þó, við Akureyrarbæ. Sum eru í eigu bæjarins en önnur rekin með stuðningi hans. Söfnin eiga að leitast við að starfa saman í safnaklasa auk þess að leita samvinnu út fyrir veggja safnanna og má þar nefna öll skólastigin, aðrar menningarstofnanir starfandi í skapandi greinum, einstaklinga og hópa. Þarna gegnir Minjasafnið á Akureyri, sem ábyrgðarsafn, lykilhlutverki. Áfram verði haldið góðri samvinnu safnanna við alla skólana í bænum þar sem hópum gefst kostur á að heimsækja söfnin og fá leiðbeiningar frá safnakennara eða fræðslufulltrúa. Merkingar sögustaða eru mikilvægar við að koma sögunni og söfnunum á framfæri jafnt við heimafólk sem ferðamenn og mun Akureyrarbær halda áfram þeirri vinnu sem hafin er við merkingar. Akureyrarbær leggur áherslu á verndun gamalla húsa og er það hlutverk Húsaverndarsjóðs Akureyrarar að styðja við verkefni af því tagi.



Leiðir:

Stjórn Akureyrarstofu leiti eftir því sem við á til fagaðila eftir umsögnum um ný söfn, setur og gjafasöfn.

Skáldahúsunum þremur verði gert enn hærra undir höfði, hugmyndafræðinni um að koma þeim undir einn hatt komið í fastara form og sóst verði eftir frekari aðkomu ríkisins.

Áfram verði unnið að þróun miðaldakaupstaðarins Gása í samvinnu við ríkið og sveitarfélögin í kring með áframhaldandi rannsóknum og uppbyggingu sögustaðarins með það að markmiði að efla hann sem áfangastað.

Til verði fastmótuð kennsluáætlun með samvinnu safna, annarra menningarstofnana og skólanna með áherslu á grenndar- og átthagafræði í þeim tilgangi að fræða og að kynna möguleika grenndar- og safnafræðslu.

Söfnin á Akureyri, Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjar-sýslum haldi áfram þverfaglegu samstarfi, miðlun nýjunga á sviði safnafræða og fræðslu inn á við.

Áframhaldandi stuðningur við eigendur eldri húsa með styrkjum úr Húsverndarsjóði Akureyrar sem hefur það markmið að stuðla að varðveislu friðaðra húsa og húsa og mannvirkja sem hafa varðveislugildi.



Akureyri

6. Viðburðir, markaðssetning og ferðapjónusta

Leiðarljós:

Akureyri er vinsæll áfangastaður ferðamanna jafnt Íslendinga sem annarra. Á Akureyri er fjölbreytt úrval hverskyns metnaðarfullra viðburða, afþreyingar og þjónustu. Með Akureyrarstofu vill Akureyrarbær leggja sitt af mörkum til áframhaldandi uppbyggingar þessara þátta en Akureyrarstofa heldur utan um ferðapjónustu og viðburði, atvinnu-, menningar, markaðs- og kynningarmál. Akureyrarstofa á fjölmarga samstarfsaðila á áðurnefndum sviðum og felst sú samvinna m.a. í ráðgjöf, vinnuframlagi og fjárhagslegri aðstoð. Akureyrarstofa annast kynningarmál fyrir bæjarfélagið, heldur úti vefsíðunum www.akureyri.is og www.visitakureyri.is og sér um ritun á samfélagsmiðla í nafni Akureyrarbæjar. Akureyrarstofa tekur virkan þátt í skipulagningu viðburða sem aðalviðburðahaldari en einnig sem samstarfsaðili þegar aðrir eru meginskipuleggjendur. Akureyrarstofa hefur þá gjarnan tekið að sér ákveðið samhæfingar- og samvinnuhlutverk. Akureyrarbær tekur einnig þátt í rekstri Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi sem hefur fyrst og fremst það markmið að efla samvinnu í landshlutanum, markaðssetja Norðurland erlendis og vinna að því að koma á millilandaflugi allt árið um kring. Með aðkomu sinni að Norrænu upplýsingaskrifstofunni vill Akureyrarbær leggja sitt af mörkum við að veita upplýsingaþjónustu er varðar styrkjámöguleika.

* *Á Akureyri er fjölbreytt úrval hverskyns metnaðarfullra viðburða, afþreyingar og þjónustu.*

Leiðir:

Akureyrarstofa í samvinnu við menningarstofnanir, fólk starfandi í skapandi greinum og ferðapjónustuna leitist við að hlúa að menningartengdum viðburðum sem verða til þess að auka aðdráttarafl Akureyrar í hugum ferðamanna, Íslendinga sem annarra og fjölga tækifærum listafólks.

Lögð verði rækt við menningartengda ferðapjónustu þar sem sögu menningar á Akureyri verði haldið á lofti með merkingum, skipulögðum ferðum og upplýsingagjöf.

Akureyrarstofa leiti leiða til að auka þátttöku atvinnulífsins enn frekar í viðburðum og menningartengdri ferðapjónustu og auka samvinnuna á milli þessara aðila.

Áhersla verði lögð á þátttöku menningarstofnana, sem og annarra stofnana bæjarins, í afmælis- og menningarhátíðinni Akureyrarvöku en Akureyrarstofa annast skipulagningu hennar.

Söfn, sögufrægir staðir og útilistaverk verði gerð sýnilegrí með stafrænum hætti og auknum merkingum, sem styður menningartengda ferðapjónustu og hefur þýðingu fyrir bæði íbúa og ferðalanga.



Akureyri